

Myndlistarráð

Fundur nr. 19/2024

Fimmtudaginn 11. apríl, kl. 15:00
Gimli, Lækjargata 3, 101 Reykjavík

Mættir eru: Ásdís Spanó, formaður myndlistarráðs, Anna Jóhannsdóttir, (Listasafn Íslands), Margrét Elísabet Ólafsdóttir (Listfræðafélag Íslands), Katrín Elvarsdóttir (SÍM), Hlynur Helgason (SÍM) og Tinna Guðmundsdóttir, verkefnastjóri MM.

Fundardagskrá:

- Fundargerð síðasta fundar
 - Fundargerð frá 22.03.24 samþykkt.
- Íslensku myndlistarverðlaunin 2024
 - Tinna fer yfir samantekt og uppgjör fyrir verðlaunin sem fóru fram í mars síðastliðin. Umræður í kjölfarið. Á næsta ári mætti taka til greina að telja gesti og færa selfie hornið.
 - Lagt fram til kynningar nafnlaust bréf um áhugaverðasta endurlitið. Umræður.
- Úthlutun og úthlutunararathöfn myndlistarsjóðs
 - Eftir afgreiðslu myndlistarráðs á fyrri úthlutun myndlistarsjóðs á síðasta fundi ráðsins þann 22. mars komu í ljós þrjár umsóknir sem höfðu ekki fengið afgreiðslu, ein fyrir undirbúningsstyrk og tvær fyrir sýningarverkefni. Umsóknirnar voru sendar í matsferli til matsnefnda. Allar þrjár umsóknirnar voru metnar og fengu með lægri einkunn en þau verkefni sem myndlistarráð hafði afgreitt 22. mars með vilyrði fyrir styrk.
 - Uppfærðar samtölur, með þessum þremur umsóknum, eru:

Samtölur – myndlistarsjóður fyrri umsóknarlota 2024						Árangurshlutfall		
Fj. umsókna	Flokkar	Samtals sótt um	%	Styrkhafar	Úthlutað	%	Upphæðir	Umsóknir
52	Útgáfu-, rannsóknar- og aðrir styrkir	69.300.000	23%	10	9.500.000	23%	14%	19%
48	Undirbúningsstyrkir	43.500.000	14%	8	5.500.000	13%	13%	17%
183	Sýningarverkefni	187.700.000	62%	45	25.800.000	63%	14%	25%
283		300.500.000	100%	63	40.800.000	100%	14%	22%

- Tinna greinir frá úthlutunararathöfninni fór fram í Safnahúsinu 4. apríl, í fyrsta skipti síðan 2018. Mæting var mjög góð og athöfnin gekk hratt og vel fyrir sig. Eins tókst myndataka vel til. Endurgjöf hefur almennt verið jákvæð. Afhöfnin kostaði um 300.000 kr.
- Stefna myndlistarsjóðs
 - Ásdís greinir frá að eins og rætt var á síðasta fundi myndlistarráðs hækkað sjóðurinn um 28 m. kr. Þar af er fyrirfram gert ráð fyrir að 7 m. kr. sé ráðstafað í aðgerð 8 í myndlistarstefnunni, að styðja við fyrir myndlistahátíðir og vinnustofur innanlands og erlendis. Umræður. Ákveðið að aðlaga eyðublaðið fyrir myndlistarsjóð þannig að umsækjendur geti hakað við hvort verkefnið sé myndlistarhátíð eða vinnustofa.
 - Umræður um stefnu sjóðsins. Ákveðið að auka sýnileika stefnunar enn fremur næst þegar auglýst er eftir umsóknum.
 - Önnur mál

- Ákveðið að stefna á að halda aftur fljótlega samræmingarfund með stjórn Myndlistarmiðstöðvar, Íslandsstofu, og menninga- og viðskiptaráðuneytinu.
- Tinna upplýsir myndlistarráð um persónulega hagi.

Fundi slitið kl. 16:00

Næsti fundur haldinn fimmtudaginn 16. maí 2024 kl. 15:00.